

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga.

---

### 1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að víkja frá ákvæðum þessa hluta, þó ekki ákvæðum varðandi ábyrgðartryggingar í 46. gr., þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og einhverju eftirfarandi skilyrða er fullnægt:

- a. umfang rekstraraðilans við gerð vátryggingarsamnings eða við endurnýjun hans samsvarar fleiri en fimm ársverkum,
- b. starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis,
- c. vátrygging er tekin vegna skráðs loftfars,
- d. vátryggðar eru vörur í flutningi á milli landa.

### 2. gr.

Við 4. mgr. 61. gr. laganna bætist nýr málssliður, svohljóðandi: Þá gilda ákvæði um hópvátryggingar í þessum hluta laganna ekki um persónutryggingar launþega samkvæmt kjarasamningum.

### 3. gr.

Í stað orðsins „líftryggingum“ í 2. mgr. 85. gr. laganna kemur: hreinum áhættulíftryggingum.

### 4. gr.

2. mgr. 86. gr. laganna orðast svo:

Í öðrum persónutryggingum en hreinum áhættulíftryggingum getur félagið í skilmálum gert fyrirvara um að það beri einungis ábyrgð á sjúkdómi eða öðru tjónsatviki, að einkenni eða atvik hafi komið fram eftir ákveðið tímamark. Hið sama á við um vátryggingu á örorku í tengslum við líftryggingu.

## 5. gr.

1. málsl. 2. mgr. 100. gr. laganna orðast svo: Vátryggingarfjárhæð, sem fellur til við andlát vátryggingartaka, rennur til maka hans, hvort sem viðkomandi var í hjúskap eða staðfestri samvist.

## 6. gr.

Í stað tilvísunarinnar „93. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. 120. gr. laganna kemur: 94. gr.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

---

*Samþykkt á Alþingi 9. desember 2005.*